

Byggðarráð Norðurþings - 489 (6.3.2025) - Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2024 - 2025

Málsnúmer : 202501094
Málsaðili : Norðurþing
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 06.03.2025

Inngangur : Fyrir byggðarráði liggur erindi frá Matvælaráðuneytinu, ósk um að sérreglur vegna byggðakvóta berist ráðuneytinu fyrir 7. mars n.k.

Niðurstaða : Byggðarráð samþykkir að óska eftir samsvarandi sérreglum og undanfarin ár sem eru eftirfarandi; Norðurþing (breyting á viðmiðun um úthlutun, afmörkun landaðs afla, vinnsluskylda innan sveitarfélags). Ákvæði reglugerðar nr. 819/2024 gilda um úthlutun byggðakvóta Kópaskers og Raufarhafnar með eftirfarandi breytingum:

a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Afli sem landað er í sveitarfélagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að koma þessum óskum á framfæri við ráðuneytið.

Byggðarráð vísar sérreglunum til staðfestingar í sveitarstjórn.